



Janúar 2020

HVATARBLAÐIÐ

Porrablót 2020

Okkar árlega Porrablót verður haldið í Félagsheimilinu Borg föstudaginn 31. janúar 2020. Húsið opnar kl. 19:30 og borðhald hefst stundvíslega kl. 20:00.

Aldurstakmark á porrablótíð miðast við þá sem verða 18 ára á árinu 2020.

Veislustjóri kvöldsins verður Vilhjálmur Bragason, hljómsveitin Næsland sér um að halda uppi stuðinu og maturinn verður frá Múlakaffi.

Miðapantanir eru á netfangið thorrablot.hvot@gmail.com eða í síma 770-7800 (Smári)

Miðaverð er kr. 8.500 og þarf að vera búíð að panta og greiða miða í **síðasta lagi mánudagskvöldið 27. janúar 2020**

Vinsamlega leggið inn á reikning 0511-26-004143 kennitala 220187-2769 og sendið staðfestingu um greiðslu á netfangið thorrablot.hvot@gmail.com

Ath. að barinn er lokaður



Nefndin



ÁRAMÓTAPISTILL SVEITARSTJÓRA

Ágætu sveitungar, gleðilegt ár og takk fyrir það liðna.

Nú er komið að því árlega, að daginn fari að lengja aftur með hækkandi sól og meiri birtu. Árið 2019 var okkur nokkuð gott og getum við ekki annað en tekið nýju ári með jákvæðu hugarfari. Það er margt spennandi framundan á árinu 2020 allt eftir áhugamálum hvers og eins og er ég þess fullviss að komandi ár verður gott fyrir okkar góða samfélag.

Nú er loksins búið að leggja ljósleiðara heim á öll lögheimili í dreifbýli sveitarfélagsins með verkefninu „Ísland ljóstengt“. Íbúar á Borg og á Sólheimum hafa tengingu í gegnum ljósnet og á ég von á því, innan fárra ára að ljósleiðari verði settur þar líka. Þetta er mikil samgöngubót fyrir sveitarfélagið okkar og gerir það sveitina okkar að betri stað til að búa á og eykur möguleika okkar á fjölbreyttari atvinnu og meiri möguleikum til náms.

Í byrjun desember var samþykkt fjárhagsáætlun árána 2020-2023.

Við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs voru nokkur atriði höfð til hliðsjónar sem vert er að nefna. Það fyrsta er að útsvarsprósentan mun verða áfram í lágmarki eða 12,44%. Fasteignaskattur í flokki A lækkar úr 0,475% í 0,465 % af fasteignamati eignar. Dagvistunargjöld Kerhólsskóla lækka umtalsvert og áfram verður gjaldfrjálst í mötuneyti Kerhólsskóla fyrir börn skólans og eldri borgara með lögheimili í sveitarfélaginu. Gjaldskrá kaldvatnsveitu sveitarfélagsins mun einnig lækka.

Því miður þurfti að hækka gjaldskrár sorps- og seyrumála en þeir málaflokkar hækka mjög mikið milli ára, þó sérstaklega sormálin. Aukin flokkun var tekin í notkun á árinu 2019 og hefur það gengið mjög vel hjá íbúum. Vert er að þakka íbúum fyrir jákvætt hugarfar og góða flokkun. Ekki hefur verið gott aðgengi fyrir sumarhúsa eigendur til að flokka í þessa fjóra flokka og stendur það til bóta á næstunni. Bóðið verður upp á grenndarstöðvar til flokkunar á sjö stöðum í sveitarfélaginu til að byrja með. Von mín er að þetta verkefni muni ganga vel, því það er bara staðreynd að með hverju árinu verður umtalsvert dýrara að afsetja úrgang og því betur sem við flokkum því minna þurfum við að hækka sorphirðu- og sorpeyðingargjöldin. Það hljómar ekki vel að segja öllum að flokka meira og betur og innheimta svo hærra gjöld en það er því miður staðreyndin. Kostnaður sveitarfélagsins vegna afsetningar á úrgangi hefur aukist verulega og ekki séð fyrir endann á þeim hækkunum, sama hvaða leiðir eru farnar.

Til að lágmarka þann kostnað getum við flokkað betur og meira, meðal annars tekið lífrænan úrgang, plast og pappír frá og minnkað þannig það sem fer í grátunnuna. Með því móti minnkar það magn úrgangs sem kostar okkur mest. Breytingar verða einnig á gámastöðinni í Seyðishólum og verðum við að hefja gjaldtöku þar, til þess að vera í samræmi við öll önnur sveitarfélög. Til þess að koma til móts við fasteignaeigendur þá hafa allir íbúar og sumarhúsaeygendur fengið sent til sín klippikort sem veitir þeim gjaldfrjálsa afsetningu í ákveðið mörg skipti. Þeir sem ekki hafa klippikort greiða samkvæmt gjaldskrá. Hverju klippikorti er ætlað að duga hverri fasteign í eitt ár og því verður hægt að nálgast nýtt klippikort að ári.

Sveitarstjórn samþykkti nú rétt fyrir jól að taka þátt í verkefninu „Heilsuefandi samfélag“ ásamt nágrönnum okkar í Bláskógabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Hrunamannahreppi. Sveitarfélögin hafa sameinast um starfsmann til að verða verkefninu innan handar. Þessu tengt þá verða árskort íbúa, með lögheimili í sveitarfélaginu, áfram á 8.000 kr. í Íþróttamiðstöðina Borg og í fjárhagsáætlun næsta árs eru einnig settar 7 milljónir í sameiginlegt verkefni sveitarfélagsins, Kerhólsskóla og Skógræktarfélags Grímsneshrepps um Yndisskóg, þar sem markmið verkefnisins er að gera yndisskóg fyrir íbúa sveitarfélagsins og gesti til að geta notið útiveru í skjólgóðu og fallegu umhverfi, efla lýðheilsu, stuðla að fræðslu og efla félagslega innviði samfélagsins.

Á árinu 2020 er stefnt að átaki í lagningu göngustíga á Borgarsvæðinu. Þar hefur undanfarin ár verið lagður einn og einn stígur en nú var ákveðið að klára þá stíga sem eftir eru og ætti að vera hægt að ganga hér um Borg „á göngustígum“ í lok sumars. Áætlaðir fjármunir í verkefnið eru 30 milljónir.

Vert er að vekja athygli fólks á heimasíðu sveitarfélagsins www.gogg.is og facebook síðu þar sem verið er að miðla upplýsingum til íbúa og annarra. Þar inni er meðal annars hægt að skoða fjárhagsáætlun sveitarfélagsins í heild sinni.

Að lokum vil ég þakka öllum starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir samstarfið á nýliðnu ári og óska öllum sveitungum mínum og velunnurum Grímsnes- og Grafningshrepps farsældar á nýju ári.

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri



FUNDARGERÐ.

472. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 4. desember 2019 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 20. nóvember 2019.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 20. nóvember 2019 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 27. nóvember 2019.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 27. nóvember 2019 liggur frammi á fundinum.

3. Fundargerðir.

a) Fundargerð 187. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 27. nóvember 2019.

Mál nr. 9, 10 og 11 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 187. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 27. nóvember 2019. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 9: 1911048 - Stóra-Borg lóð 12 L218056; Skagamýri 14; Skipting lands; Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn Pálmars K. Sigurjónssonar, dags. 15. nóvember 2019 um breytingu á gildandi deiliskipulagi íbúða- og landbúnaðarsvæðis í Skagamýri, Grímsnes- og Grafningshreppi. Breytingin tekur til lóðarinnar Skagamýri lóð 14, L218056. Sótt er um að lóðin sem er um 5,0 ha verði skipt upp þannig að önnur lóðin verði 2,80 ha og hin verði 2,08 ha.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu þar sem breytingin er ekki talin hafa áhrif á aðra hagsmunaaðila á svæðinu. Sveitarstjórn samþykkir einnig að lóðirnar fái heitin Skagamýri 14a og Skagamýri 14b. Björn Kristinn Pálmarsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Mál nr. 10: 1911037 - Hestvíkurvegur 8 L170887; Gestahús-bátaskýli; Fyrirspurn.

Lögð er fram fyrirspurn Gunnars Boga Borgarssonar f.h. Önnu Hallgrímsdóttur, dags. 18. nóvember 2019 um hvort heimilað verði að reisa gestahús/bátaskýli á lóð nr. 8 við Hestvíkurveg, L170887. Lóðin er 1890,8 m² og fyrir er á lóðinni bjálkahús sem skv. fasteignamati er skráð 49,7 m². Einnig er á lóðinni skráðir matshlutar 02 og 03 bátaskýli, hvort um sig 19,4 m² sem ekki lengur eru til. Gestahúsið/bátaskýlið sem gert er ráð fyrir verður um 40 m² timburhús á steiptum grunni. Ekki er í gildi deiliskipulag á svæðinu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi í samræmi við fyrirspurn, þegar umsókn um byggingarleyfi liggur fyrir. Umsókn ásamt gögnum um byggingarleyfi skal grenndarkynnt.

Mál nr. 11: 1911003F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19 – 110.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. nóvember 2019.

b) Fundargerð frá fundi Oddvitanefndar UTU, 19. nóvember 2019.

Mál nr. 1, 2, 3 og 4 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð oddvitanefndar UTU, dagsett 19. nóvember 2019. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Þjónustufulltrúi seyruverkefnisins.

Öll aðildarsveitarfélög verkefnisins voru blíin að samþykka ráðningu þjónustufulltrúa en sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps óskaði eftir að frestað yrði ráðningu hans. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að auglýst verði eftir þjónustufulltrúa.

Mál nr. 2: Fjárhagsáætlun 2020.

Sveitarstjórn samþykkti fjárhagsáætlun seyruverkefnisins með fyrirvara um nánari skýringar á hækkun gjaldskrár. Nú liggur fyrir önnur gjaldskrá og því samþykkir sveitarstjórn samhljóða fyrirliggjandi fjárhagsáætlun fyrir fjárhagsárið 2020.

Mál nr. 3: Gjaldskrá Seyrustaða 2020.

Sveitarstjórn hafnaði tillögu að gjaldskrá Seyrustaða þar sem ekki lá fyrir hver raunveruleg þörf var á að hækka gjaldskrána. Dregin hefur verið til baka hækkun gjaldskrárinnar nema fyrir móttökugjald annarra aðila sem hækkar um 2,5%. Einnig hefur verið lagfært í gjaldskránni það misræmi að „aðrir aðilar“ greiði minna fyrir losun en aðilar innan verkefnisins í aukalosun. Jafnframt hafnaði sveitarstjórn gjaldskránni þar sem breytt kostnaðarskipting var komin inn í gjaldskrána en samningurinn um verkefnið kveður á um annað.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða gjaldskrána og ítrekar skoðun sína um að samningar skuli standa þar til þeim hefur verið breytt með undirritun allra aðila en mun gera sér þessa skiptingu að góðu þar sem bókað er í fundargerðinni að endurskoða eigi samninginn á útmánuðum 2020.

Mál nr. 4: Fyrirkomulag á samstarfinu og kostnaðarskipting.

Farið var yfir fyrirkomulag samstarfsins og kostnaðarskiptingu. Sveitarstjórn telur ekki heppilegt að svo stöddu að verkefnið verði sett í byggðasamlag. Vardandi kostnaðarskiptingu verkefnisins þá ítrekar sveitarstjórn fyrri bókun sína „Í gildi er samstarfssamningur um verkefnið og telur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps ekki ástæðu til að gera breytingar á honum að svo stöddu. Ekki liggur fyrir hver fastur kostnaður verkefnisins er né neinn útreikningur á því að fastur kostnaður sé 5% af rekstrinum. Greina þarf betur hver fastur kostnaður er og gögn að liggja fyrir því til hliðsjónar. Leggur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps til að málið verði skoðað betur og þegar niðurstöður liggja fyrir þá verði samstarfssamningnum breytt. Einnig leggur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps til að fleiri þættir í samningnum verði skoðaðir svo sem vægi hvers og eins í verkefninu“.

Þar sem öll aðildarsveitarfélögin eru búin að samþykkja umrædda kostnaðarskiptingu mun sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps gera sér þessa kostnaðarskiptingu að góðu þetta árið og treystir á loford um endurskoðun samningsins á útmánuðum 2020. Sveitarstjórn mun ekki samþykkja þessa kostnaðarskiptingu aftur heldur reiknar með að útreikningar og umræður hafi farið fram að ári.

c) Fundargerð 17. fundar Héraðsnefndar Árnesinga bs., 15. október 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 194. fundar fagraðs Tónlistarskóla Árnesinga, 29. nóvember 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. Fjárhagsáætlun 2020-2023, seinni umræða.

Fyrirliggjandi tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árin 2020-2023 er tekin til lokaafgreiðslu.

Helstu lykiltölur samstæðureikningsins í þúsundum króna:

	2020	2021	2022	2023
Tekjur	1.106.987	1.155.536	1.206.329	1.259.472
Gjöld	1.006.021	1.043.006	1.084.992	1.127.885
Fjármagnsgjöld	29.742	29.767	29.384	28.185
Rekstrarafgangur	71.224	82.764	91.952	103.402
Eignir	2.340.565	2.390.232	2.445.716	2.509.064
Skuldir	938.441	905.344	868.876	828.822
Eigið fé	1.402.124	1.484.888	1.576.840	1.680.242
Fjárfestingar (nettó)	168.600	185.500	176.000	157.000

Ekki er gert er ráð fyrir lántöku né sölu eigna vegna fjárfestinga.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárin 2020-2023.

5. Beiðni um styrk frá foreldrafélagi Kerhólsskóla vegna jólaballs.

Fyrir liggur beiðni um styrk frá foreldrafélagi Kerhólsskóla að fjárhæð kr. 30.000 vegna jólaballs þann 19. desember n.k. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk.

6. Aðalfundur Rangárbakka, Þjóðarleikvangs íslenska hestsins ehf.

Fyrir liggur bréf frá stjórn Rangárbakka, Þjóðarleikvangs íslenska hestsins ehf., dags. 26. nóvember 2019 um að aðalfundur félagsins verði haldinn miðvikudaginn 11. desember n.k. í Rangárhöllinni á Gaddstaðflötum við Hellu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Bjarni Þorkelsson verði fulltrúi sveitarfélagsins á aðalfundinum.

7. Tölvupóstur frá Birki K. Sigurðssyni þar sem kynnt eru fyrirhuguð skáknámskeið.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Birki K. Sigurðssyni, dags. 24. nóvember 2019 þar sem kynnt eru námskeið og fyrirkomulag þeirra í skák. Sveitarstjórn felur oddvita að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

8. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Minniborg guesthouse, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 20. nóvember 2019 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Minniborg guesthouse, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Arnessýslu.

9. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Heimaási, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 25. nóvember 2019 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Heimaási, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt með fyrirvara um jákvæða umsögn byggingarfulltrúa og Brunavarna Árnessýslu. Smári Bergmann Kolbeinsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

10. Birt til umsagnar frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð.

Fyrir liggur að birt er til umsagnar frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð. Lagt fram til kynningar.

11. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum (forsendur úthlutana úr Jöfnunarsjóði), 391. mál.

Fyrir liggur beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum (forsendur úthlutana úr Jöfnunarsjóði), 391. mál. Sveitarstjóra falið að vinna að málinu í samráði við lögmann sveitarfélagsins, Óskar Sigurðsson hrl.

12. Bréf Hæstaréttar Íslands þar sem tilkynnt er að áfrýjunarbeiðni Grímsnes- og Grafningshrepps í máli Landsréttar nr. 821/2018 er hafnað.

Fyrir liggur bréf frá Hæstarétti Íslands, dagsett 28. nóvember 2019 þar sem tilkynnt er að áfrýjunarbeiðni Grímsnes- og Grafningshrepps í máli Landsréttar nr. 821/2018 er hafnað. Lagt fram til kynningar.

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð 288. stjórnarfundar 26.11 2019.
- ✓ Sorpstöð Suðurlands. Aðalfundargerð 25.10 2019.
- ✓ Hjálparveitin Tintron, ársskýrsla 2018.
- ✓ Hjálparveitin Tintron, ársreikningur 2018.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl: 10:50



FUNDARGERÐ.

473. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 18. desember 2019 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Karl Þorkelsson í fjarveru Smára Bergmanns Kolbeinssonar

Ingibjörg Harðardóttir

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 4. desember 2019.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 4. desember 2019 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 188. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 12. desember 2019.

Mál nr. 7 og 10 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 188. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 12. desember 2019. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 7: 1912011 - Vesturkantur 6 L169407; Skipting lóðar og breyting byggingarreits; Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn Lárusar Ragnarssonar, dags. 25. september 2019 um breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar Vesturkantur 6, L169407, í Grímsnes- og Grafningshreppi. Efnislega er málið framhald af umsókn landeigenda um byggingarleyfi vegna endurbyggingar og stækkun á gömlu húsi. Málinu var vísað til skipulagsnefndar sem tók málið til efnislegrar afgreiðslu 27. mars 2019 og síðan í sveitarstjórn sem bókaði eftirfarandi „Sveitarstjórn samþykkir umsóknina með fyrirvara um að gerð verði deiliskipulagsbreyting vegna lóðanna Vesturkantur 6 og 6A“. Innbyrðis lóðarmörk og byggingarreitir hafa verið aðlagðir að byggingunni sem um ræðir.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði grenndarkynnt skv. 44. gr. sömu laga.

Mál nr. 10: 1912001F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 19 – 111.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. desember 2019.

b) Fundargerð 71. fundar stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., 12. desember 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð stjórnarfundar Bergrisans, 28. nóvember 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fella niður næsta reglulega fund sveitarstjórnar þann 1. janúar n.k. Næsti fundur sveitarstjórnar verður þann 15. janúar 2020, kl. 9:00.

4. Bréf frá Gunnari Bragasyni, forstjóra Terra hf. varðandi meðhöndlun óendurvinnanlegs úrgangs árið 2020.

Fyrir liggur bréf frá Gunnari Bragasyni forstjóra Terra hf., dagsett 9. desember 2019 þar sem fram kemur að Terra hf. telur sig geta afsett óendurvinnanlegan úrgang frá þeim þremur sveitarfélögum á Suðurlandi sem eru með þjónustusamning við

Terra hf. þó afsetningarmöguleikum fækki og taki breytingum.

Bréfið lagt fram til kynningar.

5. Samningur við Íslenska Gámafélagið ehf. um móttöku á almennum blönduðum úrgangi til orkuendurvinnslu.

Fyrir liggur samningur frá Íslenska gámafélaginu ehf. við Grímsnes- og Grafningshrepp um móttöku á almennum blönduðum úrgangi til orkuendurvinnslu. Íslenska gámafélagið leggur fram samninginn vegna þeirra aðstæðna sem upp eru komnar, þ.e. að Sorpstöð Suðurlands getur ekki lengur tryggt móttöku og meðhöndlun úrgangs frá sveitarfélögum á Suðurlandi.

Sveitarstjórn hafnar því að vera aðili að fyrirliggjandi samningi þar sem sveitarfélagið er með þjónustusamning við Terra hf. sem telur sig geta þjónustað sveitarfélagið eins og þörf er á.

6. Samningur við Terra, umhverfisþjónustu hf. um aukna þjónustu á grenndarstöðvum í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur samningur milli Grímsnes- og Grafningshrepps og Terra hf. um aukna þjónustu vegna nýrra grenndarstöðva í Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi samning og felur oddvita / sveitarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.

7. Heilsueflandi samfélag.

Oddviti kynnti mögulegt samstarf milli sveitarfélaganna Bláskógabyggðar, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps og Hrunamannahrepps um sameiginlegan verkefnisstjóra um heilsueflandi samfélag. Gert er ráð fyrir að kostnaður skiptist jafnt á sveitarfélögin, þ.e. 25% hvert og að verkefnið verði til prufu í eitt ár. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í verkefninu.

8. Beiðni um styrk við Aflið, samtök gegn kynferðis- & heimilisofbeldi á Norðurlandi.

Fyrir liggur beiðni um styrk frá Aflinu, samtökum gegn kynferðis- og heimilisofbeldi á Norðurlandi. Sveitarstjórn hafnar styrkbeiðninni.

9. Lántaka Byggðasafns Árnesinga vegna framkvæmda við Búðarstíg 22.

Grímsnes- og Grafningshreppur samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð á sínum hluta vegna lántöku stofnunar Héraðsnefndar Árnesinga, Byggðasafni Árnesinga hjá Lánasjóði sveitarfélaga að upphæð 120.000.000 kr. til allt að 15 ára.

Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Byggðasafni Árnesinga.

Grímsnes- og Grafningshreppur veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að ljúka framkvæmdum á fasteigninni Búðarstígur 22 sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Byggðasafns Árnesinga til að breyta ekki ákvæði samþykktar stofnunar sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Grímsnes- og Grafningshreppur selji eignarhlut í Byggðasafni Árnesinga til annarra opinberra aðila, skuldbindur Grímsnes- og Grafningshreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Ingibjörgu Harðardóttur kt. 020371-4639, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánsamninginn.

10. Bréf frá Þjóðskrá Íslands ásamt þjónustusamningi vegna álagningakerfis fasteignagjalda.

Fyrir liggur bréf frá Hirti Grétarssyni f.h. Þjóðskrár Íslands, dagsett 4. desember 2019 vegna samnings milli Þjóðskrár og sveitarfélagsins um Álagningarkerfið sem Þjóðskrá Íslands rekur og þróar. Öll sveitarfélög landsins nota kerfið skv. lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Einnig liggur fyrir þjónustusamningur ásamt viðauka. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirleggjandi samning og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir hönd sveitarfélagsins.

11. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum, 391. mál.

Lögð fram umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum, 391. mál.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps telur rétt að koma á framfæri athugasemdum við umfjöllun Sambands íslenskra sveitarfélaga um dóm Hæstaréttar frá 14. maí 2019 í máli sveitarfélagsins gegn íslenska ríkinu sem og túlkun þess á niðurstöðum dómsins.

Óþarft er að fjölyrða um fyrrgreint mál en sem kunnugt er var um að ræða skaðabótamál fimm sveitarfélaga gegn íslenska ríkinu vegna brota lögjafans með 3. máls. 18. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga á skýrri laga áskilnaðarreglu stjórnarskrárinnar og ákvæða hennar um sjálfstæði sveitarfélaga. Bar íslenska ríkið því edli máls samkvæmt ábyrgð á því tjóni sem um ræddi.

Í umfjöllun sambandsins um fyrrgreint mál hefur það ítrekað snúið umræddu stjórnarskrárbroti ríkisvaldsins upp á þau sveitarfélög sem leituðu til Hæstaréttar til að fá skorið úr um skaðabótaábyrgð íslenska ríkisins vegna stjórnarskrárbrots þess. Á heimasíðu sambandsins 6. desember s.l. birtist t.d. tilkynning þar sem greint var frá umsögn sambandsins um frumvarp um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum. Af þeirri umfjöllun má ráða að sambandið hafi fallist á að hin dæmda skaðabótakrafa á hendur íslenska ríkinu skuli á endanum greiðast úr Jöfnunarsjóði og þá með þeim hætti að framlög úr sjóðnum lækki sem nemi fjárhæð hinna dæmdu skaðabóta. Því er síðan haldið fram að þau fimm sveitarfélög, sem höfðu skaðabótamálið á hendur ríkinu, beri ábyrgð á því að úthlutun úr Jöfnunarsjóði lækki af þessum sökum.

Þessi túlkun sambandsins á dómi Hæstaréttar er einfaldlega röng. Niðurstaða dómsins fól það í sér að íslenska ríkið, ekki Jöfnunarsjóður, bar að greiða sveitarfélögunum fimm skaðabætur, enda ber Jöfnunarsjóður ekki ábyrgð á ólögumetri lagasetningu. Hér má líka benda á að Jöfnunarsjóður átti ekki aðild að málinu fyrir Hæstarétti. Greiðsla íslenska ríkisins á dæmdum skaðabótum á því ekki að hafa þau áhrif að framlög til einstakra sveitarfélaga

úr Jöfnunarsjóði lækki. Skaðabætur ber einfaldlega að greiða úr ríkissjóði sem er annað og aðskilið atriði.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps telur þessa túlkun sambandsins á dómi Hæstaréttar og þá afstöðu sambandsins að samþykka að skaðabótakrafa sú, sem Hæstiréttur dæmdi íslenska ríkið til að greiða, skuli greidd úr Jöfnunarsjóði aðfinnsluverða. Með þessu er ekki verið að gæta hagsmuna sveitarfélaga landsins, hvorki þeirra fimm sem voru ósátt við brot íslenska ríkisins á stjórnarskránni, né annarra sveitarfélaga, enda með þessu verið að lækka framlög úr Jöfnunarsjóði að ósekju og greiða skaðabótakröfu sem hvílir samkvæmt skýrum forsendum og dómsorði Hæstaréttar á íslenska ríkinu. Með framgöngu sambandsins er verið að baka sveitarfélögum landsins tjón.

12. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta (vistvæn ökutæki o.fl.), 432. mál.

Lögð fram umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta (vistvæn ökutæki o.fl.), 432. mál. Lagt fram til kynningar.

13. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum (viðaukar), 436. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

14. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024, 434. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

15. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034, 435. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

16. Birt til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frumvarp til nýrra laga um fjarskipti og um breytingar á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, til innleiðingar á nýjum fjarskiptapakka ESB.

Fyrir liggur að birt er til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frumvarp til nýrra laga um fjarskipti og um breytingar á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, til innleiðingar á nýjum fjarskiptapakka ESB. Lagt fram til kynningar.

17. Seyrudreifing á Hrunamannafrétti, rit Landgræðslunnar Lr 2019/26.

Fyrir liggur skýrsla Önnu Sigríðar Valdimarsdóttur f.h. Landgræðslunnar um Seyrudreifingu á Hrunamannafrétti. Skýrslan lögð fram til kynningar og væntir sveitarstjórn þess að oddvitanevnd UTU taki skýrsluna fyrir.

18. Flokkun og skipulag landbúnaðarlands, landbúnaður og matvælakerfi í átt að sjálfbærri þróun.

Fyrir liggur greinargerð Salvarar Jónsdóttur um flokkun og skipulag landbúnaðarlands með tillit til skipulagsgerðar en í jarðarlögum er gert ráð fyrir að landbúnaðarland sé flokkað í aðalskipulagi. Greinargerðin lögð fram til kynningar.

19. Staða fjárhagsáætlunar 2019.

Farið var yfir stöðu bókhalds og borið saman við fjárhagsáætlun ársins 2019 eftir fyrstu ellefu mánuði ársins.

Til kynningar

- ✓ Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Aðalfundargerð 24.10 2019.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 876. stjórnarfundar, 29.11 2019.
- ✓ Skógræktin, ársrit 2019.
 - liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Neistinn, 2. tbl. 20. árg. 2019.
 - liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl: 11:25

Tjaldsvæðið á Borg

Grímsnes- og Grafningshreppur auglýsir til leigu tjaldsvæðið á Borg. Um er að ræða land fyrir tjaldsvæði og mannvirki sem tilheyrir rekstrinum.

Rekstraraðili skal sjá um rekstur svæðisins og mannvirkja sem þar eru, innheimtu afnotagjalda, upplýsingagjöf og þjónustu við ferðamenn, auglýsingar fyrir svæðið og annað tilheyrandi. Leigutaki hefur allar tekjur af rekstri svæðisins, sem og allan kostnað. Til kostnaðar telst m.a. þríf á svæðinu og mannvirkjum, sláttur og eftirlit.

Leigusali, Grímsnes- og Grafningshreppur, setur upp fast leiguverð fyrir svæðið, 700.000 krónur fyrir árið. Leigutaki hefur möguleika á að greiða leiguverðið að hluta með verkefnum fyrir leigusala, s.s. endurbótum á svæðinu og viðhaldi mannvirkja.

Árlegur opnunartími tjaldsvæðisins er að öllu jöfnu frá 1. maí til 30. september.

Stefnt er að því að rekstraraðili taki við svæðinu vorið 2020.

Leigusamningur verður gerður til fimm ára.

Boðið verður upp á skoðun á svæðinu eftir samkomulagi.

Umsækjandi (eða fyrirsvarsmaður umsækjanda) skal:

- gera grein fyrir reynslu sinni af ferðapjónustu.
- gera grein fyrir sýn sinni á rekstur tjaldsvæðisins.
- hafa reynslu af rekstri.
- vera reglusamur.
- vera í skilum með opinber gjöld og lífeyrисиðgjöld starfsmanna.

Áhugasamir sendi umsókn á netfangið gogg@gogg.is í síðasta lagi sunnudaginn 19. janúar 2020.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri í síma 480 5500.

Ártangi minnka matarsóun og umhverfissporið

Á Ártanga í Grímsnes og Grafningshreppi er fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað til þess að auka nýtingu á afurðum til að minnka matarsóun hjá Gróðrarstöðinni Ártanga. “Það hefur lengi verið hugmynd að gera eitthvað úr þeim jurtum sem ekki nýtast hjá okkur þannig að þurfa ekki að henda þessum æðislegu jurtum. Þetta varð svo að veruleika þegar Bjarki í Bragganum kom til okkar og hjálpar okkur með opna daginn sem er árlegur viðburður hérna í sveitinni. Þar gerði hann dýrindis kræsingar úr jurturnum okkar og við buðum fólki að smakka” segir Sigurdís Edda en hún er eigandi gróðrarstöðvarinnar. Þar rættar hún fjöldann allan af hágæða kryddjurtum sem seldar eru á flotta veitingastaði og í búðir um allt land. “Einn af helstu drifkröftum þessa verkefnis er að minnka matarsóun og minnka okkar umhverfisspor. Þess vegna var tekin sú ákvörðun að hafa vörurnar í gleri sem hægt er að endurnýta. Við viljum helst að krukurnar fari í beina endurnýtingu og þess vegna setjum við ekki límmiða á krukurnar. Með endurnýtingu að leiðarljósi viljum við gera uppskriftirnar okkar aðgengilegar á Facebook síðu „Á Ártanga“” segir Bjarki.

Okkur er umhugað um hvað við setjum ofan í okkur og viljum því ekki bjóða upp á vörur stútfullar af ónátúrlegum rotvörnum. Þetta var áskorun en eftir margar tilraunir fundum við út að lausnin var allan tímann fyrir framan okkur þar sem að „Sítrónu Melissan“ okkar er full af phenolic sýru sem er bæði gerladrepandi og kemur í veg fyrir sveppa gró. Með þessu getum við boðið upp á afurðir með ásættanlegan líftíma sem eru bæði hollar og góðar”, segir Edda stolt.

Nýlega tók Ártangi þátt í Íslandmeistarakeppni í matarhandverki og var þar Basíliku smjörrið þeirra í verðlauna sæti.

Textir og myndir: Magnús Hlynur Hreiðarsson



Sigurdís Edda á Ártanga og Bjarki í Bragganum með verðlaunaskjalið



Basilíkusmjörið vann til verðlauna í Íslandsmeistarakeppni í matarhandverki á dögunum.



„Sítrónu Melissan“ á Ártanga er full af phenolic sýru, sem er bæði gerladrepanði og kemur í veg fyrir sveppa gró.



Vörurnar frá Ártanga, sem eru mjög vinsælar.

Nemendur 10. bekkjar Kerhólsskóla stóðu fyrir skemmtilegu jólabingó í skólanum fimmtudaginn 21. desember síðastliðinn. Spilaðar voru nokkrar umferðir þar sem vinningshafar fengu glæsileg verðlaun.

Krakkarnir höfðu mjög gaman af bingóinu enda var því vel stjórnað af nemendum 10. bekkjar.

Magnús Hlynur Hreiðarsson tók meðfylgjandi myndir.





Foreldrafélag Kerhólsskóla stóð fyrir sínu árlega jólaballi á Borg fimmtudaginn 19. desember síðastliðinn þar sem fjöldi fólks mætti til að eiga góða stund saman. Dansað var í kringum jólatréð við undirleik Magnúsar Kjartanssonar, tónlistarmanns og Hjartar Hjartarsonar, tónlistarkennara. Tveir hressir og skemmtilegir jólasveinar mættu á ballið og skemmtu með söng og gleði. Áður en þeir fóru fengu öll börn nammipoka frá þeim. Jólaballið endaði á glæsilegum veitingum í boði foreldrafélagsins.

Magnús Hlynur Hreiðarsson tók meðfylgjandi myndir.






Dagskrá og opnunartími í í Grímsnes- og Grafarnes

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikur
6 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/heitur pottur 12:00 MATUR	7 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur 12:00 MATUR Skyndihjálparnámskeið fyrir sveitunga 55 ára og eldri hjá TINTRON	8 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur 12:00 MATUR
13 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/heitur pottur 11:50 Heimsókn á Sólheima – sjá sérstaka auglýsingu í Hvatarblaðinu 12:00 MATUR	14 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur 12:00 MATUR	15 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur 12:00 MATUR
20 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/heitur pottur 12:00 MATUR	21 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur 12:00 MATUR	22 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur 12:00 MATUR
27 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/heitur pottur 12:00 MATUR	28 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur 12:00 MATUR	29 12:30 – 22:00 Sundlaug / tækjasalur 12:00 MATUR

Íþróttamiðstöð fyrir eldri borgara Grafningshrepps í janúar 2020

dagur	Fimmtudagur	Fös	La u	Sun
	2	3 12:00 MATUR	4	5
22:00 g/ ur MATUR	9 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/ heitur pottur 12:00 MATUR	10 12:00 MATUR	11	12
22:00 g/ ur MATUR	16 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/heitur pottur 12:00 MATUR	17 12:00 MATUR	18	19
22:00 g/ ur MATUR	23 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/heitur pottur 12:00 MATUR 12:30 Fulltrúar úr sveitarstjórn mæta til skrafs og ráðagerðar um starf eldri borgara.	24 12:00 MATUR	25	26
22:00 g/ ur MATUR	30 09:55 - 11:55 Íþróttasalur/ tækjasalur/heitur pottur 12:00 MATUR	31 12:00 MATUR Þorablót 2020 Félagsheimilinu Borg		



Verslunin Borg opnaði á ný laugardaginn 14. desember síðastliðinn eftir að hafa verið lokað í marga mánuði. Það er þau Þórdur Ingi Guðnason og Björg Ragnarsdóttir, sem eiga reksturinn en húsið eiga Svanur Fannberg og Katrín Hjálmarsdóttir, sem eiga Litlu Kaffistofuna. Þórdur Ingi og Björg búa í Þorlákshöfn en hann vinnur á Sólheimum og hún mun sjá um að standa vaktina í versluninni. „Viðtökurnar hafa verið meiriháttar góðar og skemmtilegar, við erum alsæl hér í Grímsnes og Grafningshreppi og vonum að verslunin eigi eftir að aukast enn frekar þegar líður fram á vorið og í sumar“, segir Björg. Hægt er að kaupa allar nauðsynjavörur í versluninni, auk gjafavara og handverks eftir Björgu og vinkonur hennar.

**Opið er alla daga vikunnar
frá kl. 09:00 til 18:00 yfir vetrartímann og í
sumar verður opið frá klukkan 09:00 til
22:00 alla daga vikunnar.**

Grímsnes og Grafningshreppur óskar nýjum rekstraraðilum til hamingju með opnun búðarinnar með ósk um gott gengi.



Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes og Grafningshrepps færði þeim Þórði Inga og og Björgu blómvönd í tilefni af opnun verslunarinnar frá sveitarfélaginu og íbúum þess.



Björg var svo heppin á opnunardaginn að þrjár ungar stelpur úr sveitarfélaginu mættu til að dansa fyrir hana og gesti, auk þess að syngja jólalög. Allir kunnu vel að meta uppátækið enda Björg skælbrosandi á myndinni. Stelpurnar heita frá vinstri, Ísabella, Karólína (systur) og Thelma.

Magnús Hlynur Hreiðarsson



Ungmennafélagið Hvöt þakkar fyrir gott samstarf á árinu sem var að líða.

Við minnum á að skrá iðkendur fyrir næstu önn en upplýsingar um það er að finna á facebook síðu Hvatar og skráning er á netfangið umfhvot@gmail.com

Hlökkum til að sjá ykkur á nýja árinu.



Uppsveitadeild Loga, Smára og Trausta



Uppsveitadeildin 2020 verður með sama sniði og árið 2019, að undanskildum Smalanum, sem ekki verður hluti af dagskrá vetrarins. Keppniskvöldin verða því þrjú nú í stað fjögurra árið 2019. 7 lið eru skráð til leiks, alls 36 knapar og ljóst er að keppnin verður spennandi fram á lokakvöld!

Dagsetningar vetrarins eru eftirfarandi

– endilega takið kvöldin frá !!

31. janúar	Fjörgangur	Keppni hefst kl. 20.00
21. febrúar	Fimmgangur	Kynning liða kl. 19.45
13 mars	Tölt og Skeið	

Kynningar á liðum munu birtast jafnt og þétt í janúar á facebook síðu

deildarinnar - **Uppsveitadeildin 2020**

Við hvetjum fólk til að fylgjast vel með fréttum og öðrum upplýsingum deildarinnar þar sem og á heimasíðum og facebook síðum hestamannafélaganna og reiðhallarinnar.

Hlökkum til að sjá sem flesta á fyrsta keppniskvöldi vetrarins!

Þeir nemendur, sem stunda nám við Tónlistarskóla Árnesinga og búa í Grímsnes og Grafningshreppi stóðu fyrir tónfundi í Félagsheimilinu Borg 19. desember sl.

Magnús Hlynur Hreiðarsson tók meðfylgjandi myndir



Pokana sem nota á í
brúntunnuna er hægt að fá **fritt** í Sundlauginni á Borg



ÞUMALPUTTAREGLAN er sú að ef þú
getur borðað það en vilt það ekki þá
fer það í brúntunnuna.



Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642



RAFLAGNIR – VIÐGERÐIR

Jóhann Baldursson - ☎ 892 0518


Már Jóhannsson - ☎ 866 6068

Rafvirkjameistarar


ASKALIND 7 – 201 KÓPAVOGUR
KRINGLA 2 – GRÍMSNESI 801 SELFOSS

Aukahlutir fyrir tunnur og kör

Veggfestingar fyrir tunnur og kör og teygjur fyrir tunnur.
Með göðum frágangi er auðveldara að skilja ekkert eftir.



Fyrir 660 – 1000 ltr. kör



Leiðbeiningar um notkun sorpílata úr plasti frá Mannvirkjastofnun

9.2.1 gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, sbr. rgl. nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016 og 722/2017

Lög um brunavarnir nr. 75/2000

Sorpgerði og -skýli á lóð

Þegar sorpílat úr plasti eru notuð í sorpgerði/sorpskýli skal miða við eftirfarandi fjarlægðareglur sem taka mið af niðurstöðum ofangreindra prófana:

1. Þegar um er að ræða eitt eða tvö sorpílat skulu þau standa a.m.k. 3 m frá timburvegg en a.m.k. 2 m frá járnklæddum vegg eða vegg með yfirborð í flokki 1, og þau mega standa upp við vegg á steinhúsi.

Fjarlægðin skal þó aldrei vera minni en 3 m miðað við stystu láréttu fjarlægð í glugga eða timburþakskegg en 5 m sé mælt lóðrétt.

2. Séu sorpílatin 3 eða fleiri skal miða við ofangreindar fjarlægðir að viðbættum 2 m.

3. Séu sorpílatin fleiri en 10 skal hafa þau í óbrennanlegum minnst E30-skýlum sem opnast frá húsinu, mest 10 í hverju skýli.

Sama gildir verði ofangreindum fjarlægðarreglum ekki viðkomið enda þótt sorpílatin séu færri.

4. Bannað er að nota sorpílat úr plasti innandyra, nema í sorpgeymslum sem byggðar eru í samræmi við ofangreind ákvæði byggingarreglugerðar

Ef ekki er unnt að uppfylla lámarskröfur þessar skuli leita álits fulltrúa Brunavarna Árnæssýslu varðandi mögulegar lausnir.



ÞJÓNUSTUFULLTRÚÍ SEYRUVERKEFNIS

Sveitarfélögin Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Grímsnes- og Grafingshreppur, Flóahreppur og Asahreppur leita að jákvæðum og áhugasömum einstaklingi til starfa fyrir sveitarfélögin sem þjónustufulltrúi seyruverkefnis sveitarfélaganna. Verkefnið er samstarfsverkefni sveitarfélaganna, Landgræðslunnar og Heilbrigðisefirlits Suðurlands og reka sveitarfélögin móttökustöð fyrir seyrju á Flúðum og annast hreinsun roþróa í sveitarfélögunum. Viðkomandi þarf að vera mjög fær í mannlegum samskiptum, tilbúinn að fást við ólík verkefni, skipulagður og sjálfstæður í vinnubrögðum. Skipulag vinnutíma tekur mið af því að hreinsun á seyrju fer fram á tímabilinu frá maí til október ár hvert.

Helstu verkefni og ábyrgð:

Tengiliður milli fasteignareigenda og seyruverkefnis í sveitarfélögunum.

Sér um úrvinnslu gagna vegna verkefnisins.

Sinnir samskiptum og upplýsingagjöf.

Sinnir umhverfis- og úrgangsmálum.

Hæfniskröfur:

Hæfni í mannlegum samskiptum.

Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi.

Góð almenn tölvukunnátta er æskileg.

Færni til tjáningar í rituðu og mæltu máli.

Góð staðarþekking nauðsynleg.

Ökuréttindi.

Stundvísí og reglusemi.

Frekari upplýsingar um starfið

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Æskilegt er að viðkomandi geti haft störf sem fyrst. Næsti yfirmaður er sveitarsjóri Hrunamannahrepps, Jón G. Valgeirsson, sem veitir nánari upplýsingar í síma 480 6600, eða hruni@fludir.is.

Umsóknun ásamt ferilskrá má skila á netfangið hruni@fludir.is eða með pósti merktum: Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir, v/starfumsoknar. Öllum umsóknum verður svarað. Starfshlutfall er 100%. Starfið hentar einstaklingum óháð kyni. Umsóknarfrestur er til og með **20. janúar 2020**.



Fréttir frá Hjálparveitinni TINTRON

Desember útköllin sem bárust sveitinni voru eftirfarandi.

9. des. F3 Vegalokun á Lyngdalsheiði og í kjölfar af því óveðursaðstoð sem náði fram á kvöldið þann 10. des.

23. des. F2 Leit við Dyrhólaey

30. des. F3 Leit að göngumanni á Snæfellsnesi.

Töluvert álag var á sveitinni í um tvo daga samfleytt í desember þegar aftakaveður gekk yfir landið.

Tóku níu félagar sveitarinnar þátt í þeim aðgerðum.

Um miðjan desember fóru að berast til okkar flugeldar og í framhaldi af því hófst vinna í kringum þá.

Einnig fengum við í hendurnar tvö sett af börum, skröpum og grjónadýnum sem fjárfest var í fyrir styrkinn sem kvenfélagið veitti okkur síðastliðið haust.

Án þeirra væri þessi búnaður ekki kominn í öll tæki sveitarinnar.

Snjóbíllinn okkar var fluttur á Selfoss á vélaverkstæði og nú á að leggja áherslu á að koma honum í gagnið.

Flugeldasalan var á sínum stað á Selfossi 28. - 30. desember og gekk vel.

Brenna og flugeldasýning var að venju haldin á Borg á gamlárskvöld.

Hjálparveitin Tintron óskar sveitungum gleðilegs nýs árs með þökk fyrir stuðninginn og hlýhug í okkar garð á liðnu ári.



Styrktarreikningur sveitarinnar er
0586-26-456 kt. 490487-1319



Opnunartímar hjá heilsugæslunni í Laugarási

Opnunartími heilsugæslunnar er frá kl. 8:00 til 16:00.

Fyrsti læknatíminn er kl. 8:20.

Símatímar eru tveir þ.e. kl. 9:00 - 9:30 og 13:00 - 13:30.

Blóðprufur eru teknar á morgnanna frá kl. 8:15 - 11:00



Sími stöðvarinnar er 432 2770

Aðalnúmer HSU er 432 2000

Sími Neyðarlínu er 112

Feðgaverk

Tökum að okkur

STÓR og smá verk

- Jarðvinnu
- Tætingu
- Þökulagningu
- Bílaflutninga
- Jarðheflun
- Fólksflutninga
- Snjómokstur



Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. október til 30. apríl

Mánudaga	Priðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –
Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMLISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**

BAÐSTOFUKVÖLD



VÖRÐUKÓRINN Heldur sitt árlega Baðstofukvöld í
Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum föstudagskvöldið 7. febrúar kl.
20:30

Kappkostað er að bjóða upp á skemmtilega og fjölbreytta dagskrá og að
sjálfsgöðu býður þessi matglaði kór upp á veitingar, auk þess sem
barinn verður opinn.

Uppsveitafólk er þekkt fyrir að skemmta sér og öðrum og verður þetta
kvöld engin undantekning á því. Setið verður til borðs og notaleg
stemning, gleði og gaman í fyrirrúmi.



Miðaverð er 2500 krónur.



669-0108

694-8405

Opið alla virka daga frá 10 - 16



Verið hjartanlega velkomin.

Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506

siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson hdl. S: 662-4422

sverrir@landlogmenn.is

Land Austurvegi 6
LÖGMENN

Átt þú árskort í íþróttamiðstöðina Borg?

Í íþróttamiðstöðinni Borg má finna sundlaug, heita potta, gufubað, líkamsræktaraðstöðu og íþróttasal með öllum helstu tækjum og tólum til að stunda hinar ýmsu íþróttir. Íþróttamiðstöðin er opin sem hér segir:

Mánudaga – fimmtudaga kl. 14:00-22:00

Föstudaga er lokað

Laugardaga og sunnudaga kl. 10:00-18:00

Hægt er að leigja íþróttasalinn í skemmri eða lengri tíma og er það gjaldfrjálst fyrir þá sem eiga árskort í íþróttamiðstöðina.

Það er því tilvalið fyrir fjölskyldur eða vini að hittast og sprikla saman í íþróttasalnum sem er vel útbúinn.

Árskort fyrir íbúa 17 ára og eldri með lögheimili í sveitarfélaginu er 8.000.- krónur



www.sveitir.is
Upplýsingar um ferðapjónustu og
viðburði í Uppsveitunum.

Íþróttamiðstöðin Borg

Vetraropnun

19. ágúst 2019 - 23. maí 2020

Mánudaga - fimmtudaga kl. 14 - 22

Föstudaga Lokað

Laugardaga – sunnudaga kl. 10 –18



Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Heilsueflandi samfélag

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið berist fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is